

Margrét guðmundsdóttir, mgumm@est.is

# TÍMARIT Í 80 ÁR:

## Tengiliður hjúkrunarstéttarinnar

Þegar Félag íslenskra hjúkrunarkvenna hóf útgáfu á tímariti á þriðja áratug nýliðinnar aldar hafði lítið verið ritað um hjúkrunarfræði á íslensku. Ritið hvatti hjúkrunarkonur til að skrifa um fag sitt og hefur framfarir öllu öðru fest þá hefð í sessi. Allt fram undir lok 20. aldar var tímaritið mikilvægasti tengiliður stéttarinnar og lengst af eini miðillinn sem lagði sérstaka rækt við líf og störf hjúkrunarkvenna. Tímaritið gaf röddum þeirra ekki aðeins vettvang til að hljóma á heldur laðaði þær fram og kom þannig í veg fyrir að reynsla hjúkrunarkvenna hyrfi hljóðlaust á vit gleyskunnar. Fyrstu misserin var hins vegar býsna hávaðasamt innan ritstjórnarinnar. Glatað eintak af öðru tölublaðið ritsins, sem nýlega kom í leitirnar, bregður ljósi á dramatískar deilur um ritstjórnarstefnuna sem rakin verður hér á eftir.

Ritið hlaut í upphafi nafnið Tímarit Félags íslenskra hjúkrunarkvenna. Félagskonum þótti nafngiftin bæði löng og óþjál og árið 1935 var því ákveðið að stytta heitið í Hjúkrunarkvennablaðið. Ekki þótti við hæfi að kenna félagið og blað þess við konur eftir að fyrstu karlmennirnir lærðu hjúkrun og gengu til liðs við félagið. Árið 1960 var því tekið upp nafnið Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands. Í lok áttunda áratugarins lagði ritstjórn blaðsins til enn eina breytinguna og árið 1978 varð til heitið Hjúkrun. Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands. Árið 1984 hóf Tímarit Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga göngu sína og næsta áratug komu út tvö fagrit í hjúkrun á Íslandi. Árið 1993 voru þau hins vegar sameinuð undir núverandi heiti, *Tímarit hjúkrunarfræðinga*. Ekkert tímarit, sem út hefur komið hér á landi, hefur breytt oft um heiti.

Um miðjan þriðja áratug 20. aldar höfðu sex tímarit um heilbrigðismál verið gefin

út á Íslandi en flest höfðu þegar lagt upp laupana (Hervör Hólmjárn, 1981). Fyrst skal telja Heilbrigðistíðindi sem Jón Hjaltalín landlæknir samdi og gaf út á eigin kostnað í Reykjavík á árunum 1870/71-1873 og 1879. Þjóðháttíðarárið 1874 gaf Jón einnig út mánaðaritið Sæmundur fróði. Þar var aðallega fjallað um náttúrufræði en í blaðinu voru einnig greinar um heilsufar og lækningalyf og lesendum voru gefin ráð gegn algengum kvillum. Eir. Tímarit handa alþýðu um heilbrigðismál kom út í höfuðstaðnum um aldamótin 1899-1900. Þrjár læknar í Reykjavík stóðu að útgáfu blaðsins; Jónas Jónassen landlæknir, Guðmundur Magnússon og nafni hans Björnsson. Helsta markmið þeirra var að veita almenningi fræðslu um leiðir til að viðhalda heilsunni og koma í veg fyrir sjúkdóma. Sumarið 1898 höfðu nokkrir læknar rætt um að hefja útgáfu á fagtímariti. Guðmundur Hannesson, héraðslæknir á Akureyri, tók af þeim ómakið í nóvembermánuði 1901. Þá fór hann að

gefa út fjölrítað blað fyrir starfsbræður sína norðan- og austanlands. Guðmundur gaf því nafnið Læknablaðið og það kom út í um 20 eintökum næstu þrjú árin en áhugaleysi varð því að fjórtjóni. Árið 1915 átti Læknafélag Reykjavíkur frumkvæði að því að hefja útgáfu á fagtímariti sem fékk nafnið Læknablaðið eins og fjölrítaði fyrirrennarinn. Þegar blaðið hóf göngu sína voru aðeins starfandi 75 læknar á Íslandi. Strax á fyrsta ári voru gefin út 12 tölublað og þar voru birtar fræðigreinar og fjallað um félagsmál stéttarinnar (Magnús Ólafsson, 1965). Félagskonur Ljósmeðrafélags Íslands fylgdu í spor lækna í október 1922 þegar fyrsta tölublaðið af Ljósmeðrablaðinu var prentað. Fjárhagslegur grunnur útgáfunnar byggðist í upphafi á um 130 félögum og reyndist traustur. Læknar og læknanemar lásu prófarkir og birtu einnig mikið af efni í blaðinu fyrstu áratuginna, bæði frumsamið og þýtt (Puríður Bárðardóttir, 1939). Jóhanna Friðriksdóttir ljósmóðir kvartaði sáran yfir því í lok fjórða áratugarins hve sjaldan „nokkurt orð eða efni“ bærist frá stéttarsystur sínum í Ljósmeðrablaðið. (Jóhanna Friðriksdóttir, 1938). Greinarskrif hafa eflaust vaxið þeim í augum eins og fleiri kynsystur þeirra á fyrstu áratugum liðinnar aldar. Sárafáar konur rituðu tímaritsgreinar en þeim fjölgaði hins vegar sem spreyttu sig á blaðagreinum. Bríet Bjarnhéðinsdóttir varð fyrst til að ryðja brautina með grein um menntun og réttindi kvenna sem birtist í Fjallkonunni í júní 1885 og skrifaði undir dulnefninu Æsa (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993).

Íslenskar konur höfðu enn minni reynslu af útgáfustarfi. Um og eftir aldamótin 1900 gáfu stöku kvenfélög að vísu út handskrifuð blöð sem gengu á milli heimila. Torfhildur Hólm rithöfundur varð fyrst kvenna til að gefa út tímarit hér á landi. Draupnir, blað Torfhildar, var bókmenntarit og kom út á árunum 1891-1908. Árið 1895 markaði tímamót



Á hátiðarfundi, sem haldin var 25. nóvember 2005 á Grand hóteli, auglýsti Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur eftir glötuðu tölublaði tímaritsins frá árinu 1926. Einn fundargesta átti þetta sjaldgæfa eintak.

Í útgáfusögu Íslendinga því þá var hleypt af stokkunum þremur ritum sem áttu öll eftir að berjast fyrir pólitískum réttindum kvenna. Fyrst skal nefna Ársrit Hins íslenska kvenfélags sem kom út í Reykjavík 1895-1899 undir ritstjórn Ólafíu Jóhannsdóttur. Framsókn var hins vegar mánaðarrit sem gefið var út á Seyðisfirði 1895-1899 en í Reykjavík 1899-1901. Kvennablað Bríetar Bjarnhéðinsdóttur varð langlífast en það kom út í höfuðstaðnum á árunum 1895-1919. Tveimur árum áður en Bríet neyddist til að hætta útgáfunni bættust tvö rit í flóru kvennablaða á Íslandi. Annað, sem svaraði einkum þörfum húsmæðra, var Hlín. Ársrit Sambandsfélags norðlenskra kvenna sem kom út á Akureyri á árunum 1917-1961 undir ritstjórn Halldóru Bjarnadóttur. Hitt var mánaðarritið 19. júní sem var fyrst og fremst helgað baráttunni fyrir byggingu landspítala. Inga Lára Lárusdóttir ritstýrði tímaritinu sem kom út í Reykjavík á árunum 1917-1929. Allar þessar fyrstu íslensku ritstýrur höfðu hlotið nokkra menntun sem var

auðvitað ein helsta forsenda útgáfu- og ritstarfa. Árið 1925 voru aðeins 45 ár liðin frá því Íslendingar voru skyldaðir með lögum til að kenna öllum börnum, bæði stúlkum og drengjum, að skrifa og reikna (Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998). Fyrir þann tíma var svolítil lestrarkunnátta iðulega talin fullnægjandi fyrir telpur. Á þriðja áratug 20. aldar voru enn konur hér á landi sem aldrei höfðu lært að draga til stafs. Ein þeirra starfaði sem vökukona á Farsóttahúsinu í Reykjavík vorið 1922. Þegar sjálfur borgarstjórinn Knud Zimsen vildi fá hana til að undirrita yfirlýsingu kom í ljós að vökukonan kunni ekki að skrifa nafnið sitt (Bs.R A3150).

Félag íslenskra hjúkrunarkvenna hafði starfað í rúm fimm ár þegar félagskonur fóru að ræða um möguleikana á því að gefa út tímarit. Frumkvæðið hafði Guðný Jónsdóttir, skólahjúkrunarkona í Reykjavík, en hugmyndin féll í góðan jarðveg (Sigríður Eiríksdóttir, 1965). Í félaginu voru þá 21 hjúkrunarkona og 12 aukafélagar eða namar. Í lok apríl 1925 var Guðnýju falið að ritstýra væntanlegu riti og velja sér tvo samstarfsmenn í ritnefnd. Hún kaus sér stjórnarkonur til halds og traust; þær Sigríði Eiríksdóttur, formann félagsins, og Kristjönu Guðmundsdóttur, ritara þess (FÍH AA/1, fgb. 1919-1929, fundir 12. mars og 24. apríl 1925). Fyrsta tölublaðið var fjórlitað og kom út í júní 1925. Leiðari

blaðsins, þar sem ritstjórnarstefnan var mótuð, var ekki höfundarmerktur en að sögn Sigríðar formanns hélt Guðný um pennann (Sigríður Eiríksdóttir, 1965). Tímaritið átti að vera tæki til að koma helstu baráttumálum félagsins á framfæri og vettvangur fyrir skoðanaskipti milli hjúkrunarkvenna um hugðarefni þeirra. Ritnefndin hafði einnig í hyggju að birta þýddar greinar úr erlendum tímaritum og flytja fréttir „af helstu merkisatburðum á sviði hjúkrunar.“ Ritið var fyrst og fremst ætlað hjúkrunarkonum en ritstjórinn gerði sér vonir um að einstaka „úrvals greinar“ yrðu einnig birtar í dagblöðum. „Það verður ef til vill ekki oft fyrsta kastið,“ skrifar Guðný í leiðaranum, „það fer eftir því hve verðmætt það er sem við höfum að leggja fram.“ Ritstjórinn gerði sér bersýnilega ekki miklar vonir um ritleikni hjúkrunarkvenna en kvaðst stefna að því að málagn stéttarinnar yrði prentað (Tímarit FÍH, 1925).

Guðný Jónsdóttir hafði metnaðarfullar hugmyndir um tímarit félagsins og lagði fljótlega til að blaðið yrði ekki fjórlitað heldur prentað. Stjórnarkonur ákváðu að leggja tillögu ritstjórans fyrir félagsfund. (FÍH AB/1, fgb. stjórnar 1922-1938, fundur 24. nóvember 1925). Guðný kynnti hugmyndina fyrir félagskonum í byrjun desember en ákvörðun því liðið var á fundartímamann. Henni var hins vegar falið að sjá um útgáfu á næsta tölublaði (FÍH AA/1, fgb. 1919-1929, fundur 2. desember 1925). Ritstjórinn komst innan skamms að þeirri niðurstöðu að tímaritinu væri skorinn of þröngur stakkur. Hjúkrunarstéttin þyrfti að vera í lifandi sambandi við þjóðina, ekki eingöngu til að sinna nauðsynlegri fræðslu heldur til að efla skilning Íslendinga á málefnum stéttarinnar og afla félaginu tekna. Guðný vildi að félagið gæfi út tímarit fyrir almenning um heilsuverndarmál en ekki fagrit fyrir félagskonur. Hún taldi það ekki aðeins skyldu hjúkrunarkvenna að miðla þekkingu á þessu sviði heldur mikilvæga forsendu fyrir vexti og virðingu stéttarinnar. „Á trú almennings á það að við höfum einhverju að miðla byggist öll framtíð okkar mála,“ fullyrti ritstjórinn. Í ársbyrjun 1926 gaf Guðný út nýtt tölublað án samráðs við samstarfskonur sínar eftir árekstra í ritnefndinni. Þar

gerir hún grein fyrir ofanefndum hugmyndum og segir stéttarsystur sínum hressilega til syndanna, ekki síst Sigríði Eiríksdóttur, formanni félagsins. Samvinna þeirra Sigríðar var „ómöguleg“ að sögn ritstjórans sem bar sig illa undan „óþolandi rekistefnu, afskiftasemi og snuddi“ formannsins. Guðný kvaðst aldrei hafa orðið vör við mikinn félagslegan þroska meðal félagskvenna en sakaði þær um þröngsýni, hroka og uppskafningshátt. Ritstjórinn lét ekki þar við sitja heldur vændi Sigríði formann um hræsni og „oddborgaralegan“ hégóma í eftirsókn eftir „auðvirðilegum vegtyllum“ (Guðný Jónsdóttir, 1926).

Reiðilestur ritstjórans kom eins og köld vatnsgusa yfir félagskonur. Stjórn félagsins taldi blaðið ekki aðeins ólöglegt heldur fullyrtu stjórnarkonur að Guðný héldi þar ýmsum ósannindum á lofti. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að vísa fyrsta ritstjóra tímaritsins úr Félagi íslenskra hjúkrunarkvenna (FÍH AB/1, fgb. stjórnar 1922-1938, fundur 7. janúar 1926). Þetta sögulega tölublað er hvorki varðveitt á Landsbókasafni Íslands né hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Á hátíðarfundum sem haldin var 25. nóvember síðastliðinn í tilefni af því að 80 ár voru liðin frá því að tímarit félagsins hóf göngu sína, var lýst eftir glataða eintakinu. Einn fundargestur átti umrætt tölublaðið og afhenti skömmu síðar hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands til eignar innbundið eintak af tímaritinu allt til ársins 1992. Gjöfin hefur reynst undirritaðri ómetanleg hjálp við samningu greinarinnar.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarkvenna virðist hafa innkallað tölublaðið því tímaritið var endurfjölritað án skammaræðu Guðnýjar. Sigríður Eiríksdóttir bað Jónu Guðmundsdóttur, yfirhjúkrunarkonu á Ísafirði, að endursenda blaðið. Jóna brást vel við þeirri beiðni og sagði:

það var nú ekki sent til mín, heldur var það sent til Vilmundar [Jónssonar yfirlæknis] og hann beðinn að koma því til skila, honum finnst þetta afar ósvífið af Guðnýju, og sama segi ég. Ég skil ekkert í þessu smökkleysi hjá manneskjunn. Það hryggir mig stórlega að þetta skuli þurfa að ganga svona til, því hvers getum við vænst af almenningi

þegar hver höndin er upp á móti annari í okkar litla félagsskap. Mér finnst að við þurfum að setja allt inná að vinna traust hjá fólki með verkum okkar og framkomu (FÍH B/1 1, bréf Jónu Guðmundsdóttur, dags. 5. febrúar 1926).

Viðbrögð Jónu varpa nokkru ljósi á viðhorf almennra félagskvenna en málið vakti einnig athygli utan raða stéttarinnar. Steingrímur Matthíasson Jochumssonar, héraðslæknir á Akureyri, minnst lítillaga á heftið í bréfi til Sigríðar Eiríksdóttur formanns og segir:

Ég vil gjarnan gjörast áskrifandi að tímariti félags yðar, en ég vil vona að leiðararnir verði framvegis uppbyggilegri en þessi ógeðslega gallspýja sem starfs-systir yðar flekkaði pappírinn með í síðasta tölublaði. (FÍH B/ 1 1, bréf Steingríms Matthíassonar, dags. 3. febrúar 1926).

Steingrímur kunni að beita stílvopninu eins og hann átti kyn til og sparaði ekki lýsingarorðin.

Stjórnarkonur töldu að ritstjórinn væri ábyrgur fyrir útgáfukostnaði blaðsins enda væri það bæði „ólögmætt og ósamboðið félaginu“. Guðný neitaði að greiða og stefndi Félagi íslenskra hjúkrunarkvenna (FÍH AB/1, fgb. stjórnar 1922-1928, fundur 29. apríl 1926). Eftir árangurslausar sátttilraunir var málinu vísað til dómstóla þann 20. apríl 1926. (Þí Sáttabók Reykjavíkur 1924-1928, 20. apríl 1926). Níu dögum síðar boðaði stjórn félagsins ritstjórn til fundar ásamt þeim Christophine Bjarnhéðinsson og Guðbjörgu Árnadóttur. Þar voru lagðar fram tvær tillögur til að höggva á hnútinn. Í fyrsta lagi að Guðný greiddi fyrir útgáfu blaðsins og málið félli þar með niður en í öðru lagi að fundarkonur reiddu fram útgáfukostnaðinn og ritstjórinn segði sig úr félaginu. Guðný hafnaði báðum tillögnum, kvaðst láta málið ganga fyrir dóm og gekk síðan af fundi. Fundarkonur, sem eftir sátu, töldu að þær væru „neyddar til að láta málið hafa sinn gang“ og vísa ritstjórnunum úr félaginu (FÍH AB/1, fgb. stjórnar 1922-1938, fundur 29. apríl 1926).

Í ársbyrjun 1926 tók ný ritnefnd til starfa. Kristjana Guðmundsdóttir var kjörin ritstjóri en samstarfskonur hennar

voru þær Sigríður formaður og Vilborg Stefánsdóttir (FÍH AA/1, fgb. 1919-1929, fundur 29. janúar 1926). Kristjana ávarpaði félagskonur í fyrsta tölublaðinu sem hún ritstyrði og sagði þá meðal annars:

Með þessu tölublaði byrjar nýr þáttur í sögu tímaritsins okkar. Stutt er síðan blaðið hóf göngu sína og ennþá er það lítið og fátæklegt. En von mín er sú, að við með tímanum munum sigrast á örðugleikunum og getum látið það koma í veglegra formi. Allt er smátt í byrjun, en með þrautseigju og þolinmæði ættum við að geta þokað því áfram. Okkur á að þykja vænt um blaðið okkar, það er boðberi okkar á milli og ræðir öll þau málefni, sem eru sameiginleg áhugamál okkar og okkur varðar mestu. Þegar fram líða stundir á blaðið að vera þannig úr garði gert, að hver og ein hjúkrunarkona á að þrá útkomu þess, ekki síst þær sem eru út um land og úti um sveitir. Þær eiga erfiðasta aðstöðu, – margar af þeim oft einasta hjúkrunarkona á margra mílna svæði. Það eru þær sem þarfnast uppörvunar til að missa ekki hugsjónir sínar í sínu erfiða starfi. ... Ennþá erum við svo fáar. Þess vegna er það svo nauðsynlegt að við stöndum saman og styðjum hver aðra. Þrátt fyrir það að ýmsar torfærur kunni að verða á vegi okkar, megum við ekki leggja árar í bát, heldur rísa upp, draga fána hugsjóna okkar að hún og halda áfram.

Við hjúkrunarkonur, sem höfum valið okkur að lífsstarfi að líkna og liðsinna sjúkum, ættum ekki að þurfa að kvarta undan sundrung í félagsskap okkar, heldur standa allar sem einn maður (Kristjana Guðmundsdóttir, 1926).

Kristjana beindi síðustu orðum sínum að Guðnýju Jónsdóttur þótt ritstjórinn fyrrverandi væri hvergi nefndur á nafn. Forystukonur hjúkrunarkvenna lögðu áherslu á samstöðu og einingu innan félagsins. Hjúkrunarstéttin var að vinna sér föttestu meðal þjóðarinnar og deilur fyrir opnum tjöldum voru fordæmdar af forystu félagsins. Stéttarsystur Guðnýjar mættu metnaðarfullum hugmyndum hennar um útgáfu á tímariti um heilsuverndarmál fyrir almennig með gætni. Félagskonur voru örfáar og stóðu ekki undir miklum

útgáfukostnaði. Fjölrítað fagrit var að mati þeirra flestra betri kostur í byrjun. Guðný ritstjóri var skapríkur eldhugi og átti greinilega erfitt með að takast á við varfærni samstarfsmanna sinna.

Ekkert varð af boðuðum málaferlum eins og allt virtist stefna í vorið 1926. Guðný hætti hjúkrunarstörfum skömmu síðar enda var hún nýgift og átti von á sínu fyrsta barni. Fullar sættir tókust með deiluaðilum þótt ekki sé ljóst hvenær sáttargerðin var handsöluð en hitt er ljóst að Guðný hóf vinnu við hjúkrun að nýju árið 1942 og gekk aftur í félagið. Sigríður Eiríksdóttir hrósaði sérstaklega hugkvæmni hennar og ritfærni og harmaði síðar hve fljótt Guðný hvarf úr ritstjórninni (Sigríður Eiríksdóttir, 1965). Tímarit félagsins var fjölrítað allt fram til ársins 1936 en þá rættist loks draumsýn fyrsta ritstjórans sem vildi að blaðið væri prentað.

Á vormánuðum 1927 fjárfesti Félag íslenskra hjúkrunarkvenna í Remington-ritvél sem kostaði 250 krónur. Til samanburðar má geta þess að sama ár var útgáfukostnaður vegna tímaritsins aðeins 144 krónur (FÍH FA/2, dagbók 1925-1934). Ritvélin hefur eflaust kallað á fastan áslátt, að minnsta kosti í samanburði við tölvuborðin í dag en hún kom í góðar þafir við útgáfu tímaritsins. Sigríður Eiríksdóttir rifjaði síðar upp vinnuáðstæður ritnefndarinnar í upphafi:

Blaðið var sett upp og vélritað heima hjá mér fyrstu árin. Var þá borðstofuborðið „kontorinn“ þar sem allt flaut af blöðum og bókum þar til bunkað var upp á kvöldin, en þetta þótti heldur ósjarmerandi og óvenjulegt á þessum tíma (Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands, 1975).

Allt fram á áttunda áratuginn var tímaritið aðallega unnið á heimilum nefndarkvenna (Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands, 1989) sem breyttust að jafnaði ársfjórðungslega í ritstjórnarskrifstofur, eflaust með álika bóka- og pappírslóði og Sigríður lýsti svo skemmtilega.

Á undangengnum 80 árum hafa ríflega 140 hjúkrunarkonur og hjúkrunarfræðingar verið í ritnefnd tímaritsins (Margrét Guðmundsdóttir. Saga hjúkrunar á

Íslandi). Fyrstu árin voru mikil og bein tengsl milli stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarkvenna og ritstjórnar. Sigríður Eiríksdóttir, formaður félagsins, var til að mynda í ritstjórn fyrstu sjö árin. Hún ákvað hins vegar að draga sig í hlé á kreppuárunum því hún taldi „heppilegra“ að blaðið væri „óháð stjórninni“, eins og hún sagði sjálf (FÍH AA/2, fgb. 1930-1939, fundur 20. október 1932). Konur voru einráðar í nefndinni alla 20. öldina. Fyrsti karlmaðurinn var kjörinn í ritnefnd árið 2002 en þá sem varamaður (Ásgeir Valur Snorrason). Mannskipti voru á stundum fremur tíð en ekki er ljóst hvort meðvituð stefna eða óhóflegt vinnuálag hefur ráðið meiru þar um. Enn sem komið er hefur enginn varið jafnmörgum árum í þágu tímaritsins og Ingibjörg Árnadóttir. Hún var ráðin ritstjóri í janúar 1970 og starfaði nær óslitið fram í ársbyrjun 1990 (Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands, 1989). Tímaritið var löngum borið uppi af sjálfböðavinnu hjúkrunarkvenna og hjúkrunarfræðinga. Árið 1970 var í fyrsta sinn ákveðið að greiða ritstjóra dálitla þóknun eða öllu heldur táknrætt framlag. Ári síðar var ritstjóri hins vegar ráðinn í hálfu stöðu og 1977 var starfshlutfall hans aukið upp í 75% og hefur lengst af verið það síðan („Ársskýrsla 1971“, 1972, og „Ársskýrsla 1977“, 1978).

Tímaritið var ekki aðeins málagn heldur mikilvægasti og raunar eini tengiliður milli hjúkrunarkvenna hér á landi á bernskuskeiði hjúkrunarstéttarinnar. Þar birtust greinar um hjúkrun, menntamál, kjarabaráttu, erlenda samvinnu, félagsmál, auglýsingar um lausar stöður og styrki til framhaldsnáms, fréttir um nýjungar í faginu, trúlofanir og giftingar félagskvenna svo fátt eitt sé talið. Ritið er þannig ómetanleg heimild um sögu og þróun hjúkrunar á Íslandi síðastliðin 80 ár. Það er hins vegar ekki hægt að byggja á tímaritinu einu þegar sagan er annars vegar. Einstök töluþöf hafa verið vandfundin allt fram á þennan dag og annað efni hefur aldrei ratað á síður blaðsins. Tímaritið hefur stuðlað að því að raddir hjúkrunarkvenna og hjúkrunarfræðinga hafa fengið að hljóma á síðum blaðsins í 80 ár. Hjúkrunarstéttin hefur vissulega aðgang að mun fleiri og öflugri miðlum fyrir hugmyndir sínar en á þriðja áratug liðinnar aldar. Ritið er

engu að síður áhrifarík leið til vandaðra skoðanaskipta og einn mikilvægasti tengiliður milli hjúkrunarfræðinga sem fyrr.

*Margrét Guðmundsdóttirersagnfræðingur og vinnur nú við að rita sögu hjúkrunar á Íslandi.*

- Heimildaskrá:  
 Ársskýrsla Hjúkrunarfélags Íslands 1971 (1972).  
 Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands 48(3) 102–114.  
 Ársskýrsla Hjúkrunarfélags Íslands 1977 (1978).  
 Hjúkrun. Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands 52(2) 21–36.  
 Borgarskjalasafn Reykjavíkur (Bs.R). Aðfnr. 3150, Farsóttarhúsið.  
 Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (ritstj.) (1998). *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.  
 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, skjalasafn (FÍH):  
 AA/1 Fundargerðabók stjórnar-, aðal- og félagsfunda 1919 til 8. nóvember 1929.  
 AA/2 Fundargerðabók aðal- og félagsfunda 9. janúar 1930 til 11. apríl 1939.  
 AB/1 Fundargerðabók stjórnar 9. október 1922 til 13. desember 1938.  
 B/1 1 Brefsaskipti 1922–1928.  
 FA/2 Rekstrarreikningur 1921–1924 og dagbók 1925–1934.  
 Guðný Jónsdóttir (1926). Ágreiningur. *Tímarit Félags íslenskra hjúkrunarkvenna* 2(2) 1–2.  
 Hervör Hólmjárn (1981). Skrá yfir efni Tímarits Hjúkrunarfélags Íslands 1922–1979. Reykjavík: Hjúkrunarfélag Íslands.  
 Hjúkrun. Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands.  
 J[óhanna] Fljöríksdóttir (1938). Félagsstarfsemi ljósmæðra. *Ljósmæðrablaðið* 16(5) 49–53.  
 Kristjana Guðmundsdóttir (1926). Tímamót.  
 Tímarit Félags íslenskra hjúkrunarkvenna 2(1)1.  
 Litið um öxl eftir 20 ára ritstjórnarstarf. Rætt við Ingibjörgu Árnadóttur (1989). Hjúkrun. *Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands* 65(4) 78–83.  
 Magnús Ólafsson (1965). Læknablaðsannáll. *Læknablaðið* 50(1) 9–12.  
 Margrét Guðmundsdóttir. Saga hjúkrunar á Íslandi. Handrit.  
 Sigríður Eiríksdóttir (1975). Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands 40 ára. *Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands* 41(3) 62–65.  
 Sigríður Th. Erlendsdóttir (1993). *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands.  
 Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands 50 ára. Stutt spjall við Sigríði Eiríksdóttur (1975). *Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands* 51(2–3) 42–43.  
 Tímarit Félags íslenskra hjúkrunarkvenna.  
 Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands.  
 Þjóðskjalasafn Íslands (ÞJ): Sáttabók Reykjavíkur 1924–1928, VIII A/14, 20. apríl 1926).  
 Þuríður Bárðardóttir (1939). Þættir úr starfssögu Ljósmæðrafélags Íslands. *Ljósmæðrablaðið* 17(4) 37–42.